

Í DAG verður skemmtileg sýning opnuð á Lauga vegi 26 (í húsi Ólympíu). Hún nefnist „Húsgögn 1961“, en að henni stendur Félag húsgagnaarkitekta. Þar sýna átta arkitektar nýjustu gerðir húsgagna sinna, en auk þeirra sýna margir aðilar, ýmsa listmuni til húbýlaprýði.


Um páskaeytið í fyrra hélt félagið fyrstu húsgagnasýningu sína, sem var mjög vel sótt og vakti almenna athygli. Hún var haldin í fremur þröngum húsakynnum, þegar miðað er við stærð sýningarinnar. Þessi sýning er hins vegar á rúmgóðum stað, hefur þrefalt stærri gólfplöt, eða um 400 fermetra.

● Bjartur og léttur svipur

Ef einkenna ætti sýninguna með einhverjum orðum, væri helzt hægt að segja að yfir henni hvíði léttur og bjartur blær, sem minnir mann notalega á það, hve smekkur fólks á húsgagnastíl hefur breytt til batnaðar síðustu árin. Þeir tímar eru liðnir, að hægt sé að flytja inn tröllauknar ullaþótamublur í tonnatali frá Kaupmanna höfn. Tímj grimmilegra og forljótra ljónshrammastóla, sem maður þorði varla að koma nálægt, hvað þá setjast í, af ótta við árás, er vonandi allur. Fólk gírnist nú stílhrein og létt húsgögn. Sumum finnst e. t. v. að unga fólkið gangi of langt í dálæti sínu á tilgerðarlegum, nýttísku húsgögnum, og rétt mun það vera, að tízkusnobbið getur orðið það sterkt, að menn gleymi því, að stóll á fyrst og fremst að vera setgagn, þægilegt hægindi. En almenningur þarf ekki að kvíða því, að á þessari sýningu sé tildrið í hávegum. Þvert á móti virðist manni, að vel hafi tekist að samræma kröfur notagildisins og kröfur fegurðarskynjunarinnar.

● Íhaldssemi Reykvíkinga

Einn arkitektanna lét þess getið til dæmis, að danskt áklæði, sem enginn vildi lífa við hér fyrir átján árum, þyki nú hæstmóðins. Mörland inn er furðu seinnlátur um sumt, t. d. húsgagnatísku, þótt annars staðar sé hann fljótur að taka við sér, svo sem í kvettísku. Þegar spurt var,



Húsgagnaarkitektarnir, sem teiknað hafa húsgögn á sýningunni. — Þeir eru, talið frá vinstri: Árni Jónsson, Gunnar Guðmundsson, Gunnar Theódórsson, Halldór Hjálmarsson, Helgi Hallgrímsson, Hjalti Geir Kristjánsson, Kjartan Á. Kjartansson og Þorkell G. Guðmundsson.

Húsgögn 1961

hvort fólk úti um land væri ekki seinna að taka upp hina nýju húsgagnatísku, var því svarað neitandi. Þótt Reykvíkingar væru oft fljótir að taka upp nýja siði, væri þeir nokk uð íhaldssamir á sviði húsgagnatísku, eins og í stjórnmálum. Hins vegar væri utanborgarfolk oft fúst að kaupa eingöngu mjög nýttísku leg húsgögn, þegar það stofn aði bú.

Húsgögn á sýningunni eru úr öllum algengum smíðaviði, eik, hnotu, Asíutekki, hinu sterka Afríkutekki o. s. frv. Lögð er þó á það áherzla af sýningaraðilum að notast eins mikið við íslenskt hráefni og unnt er.

● Þar kennir margra góðra grasa

Sýningarsalnum er skipt í 34 bása, þar sem auk húsgagna eru sýndir silfurmunir, smeltimunir, vefnaður, leirkerasmiði, veggteppi, gólfteppi og alls konar ullaþótadur, sem sagt margir þeirra hluta, sem eitt heimili mega prýða.

Átta húsgagnaarkitektar og fjórir aðrir aðilar hafa teiknað húsgögnin. Þar eru öll húsgögnin af nýjum gerðum, sem hvorki hafa verið sýndar né seldar hérlandis áður. Alls konar tegundir húsgagna eru sýndar, húsgögn í borðstofu, dagstofu, barnaherbergi og


svefnherbergi, borð, stakir stólar, ruggustólar o. m. fl.

Arkitektarnir átta, sem teiknað hafa húsgögnin, eru Árni Jónsson, Gunnar Guð-

Benedikt Guðmundssynir og Axel Eyjólfsson og Manfred Vilhjálmsson arkitekt teiknað húsgögn.

Silfurmunir hafa gert Jóhannes Jóhannesson, Halldór Kristinsson, Ásdís Sveins dóttir, Reynir Guðlaugsson og Jens Guðjónsson.

Leirkerasmiði er frá leirbrennslunni Glit h. f. Smíðin er eftir Ragnar Kjartansson, Ragnheiði Jónsdóttur og Steinunn Marteinsdóttur.



Svefnherbergishúsgögn teiknuð af Árna Jónssyni húsgagnaarkitekti. Sýnandi er Húsgagnaverzlun Árna Jónssonar, Laugavegi 70.

mundsson, Gunnar Theódórsson, Halldór Hjálmarsson, Helgi Hallgrímsson, Hjalti Geir Kristjánsson Kjartan Á. Kjartansson og Þorkell G. Guðmundsson.

Auk þess hafa þrír húsgagnasmiðameistarar, Jón og

Smeltvínnna er eftir Sigrúnu Gunnlaugsdóttur og Jóhannes Jóhannesson.

Listvefnaður er eftir Barböru Árnason, Guðrúnu Jónsdóttur og Ásgerði Ester Búa-

dóttur. Ullariðnaður er frá verksmiðjum. Alafoss sýnir nýja tegund húsgagnaáklæðis og værdarvoðir. Húsgagnaáklæði eru frá Últíma og Gefjun, og skinn frá Íðunni. Öll gólfteppi eru frá Vefaranum h. f., en dúkar, sem skilja sýningarbasana, eru frá Dúka verksmiðjunni h. f. á Akureyri.

● Sýning í München

Félagi húsgagnaarkitekta hefur verið falið að annast hlutdeild Íslands í hinn árlegu hand- og listiðnaðarsýningu, sem haldin verður í München 31. maí — 11. júní. Verða munir sendir af sýningunni „Húsgögn 1961“ til München, þar sem íslenska deildin fær 40—50 fermetra svæði.

Sýninganefnd „Húsgögn 1961“ skipa: Hjalti Geir Kristjánsson, form., Gunnar Guðmundsson, Gunnar Theódórsson, Halldór Hjálmarsson og Kjartan Á. Kjartansson. Stjórn Fél. húsgagnaarkitekta skipa: Hjalti Geir Kristjánsson, formaður, Helgi Hallgrímsson og Árni Jónsson.

Sýningin verður opnuð kl. 10 í dag og stendur í tíu daga. Hún verður opin virka daga frá kl. 2 til 10, og helgidaga kl. 10—10.

STAKSTEINAR

Austræn kjaraskerðing

Ein af ástæðunum til þess að ekki hafa orðið hérlandis svipaðar kjarabætur og í nágrannalöndunum, er sú, að Íslendingar hafa neyðzt til að kaupa dýrar og lélegar vörur fyrir austan járntrjald til þess að geta selt þangað fiskafurðir. Bent hefur verið á það hér í blaðinu, að íslenskur almenningur verði t. d. að kaupa stráskykur hvorki meira né minna en 2,50 kr. of háu verði hvert kíló. Svipað er að segja um ýmsar vörur aðrar, sem við höfum neyðzt til að kaupa í kömmu isticikjunum.

Þegar t. d. var farið að kaupa þaðan ljósaperur, mun hafa látið nærri að gjaldeyrisnotkun til kaupa á þeirri vörutegund hafi tvöfaldað, enda er það alkunna, hve lélegar ljósaperur hafa verið fluttar til landsins að austan. Margur fleiri iðnaðarvarningur er álíka lélegur.

Lélegir bílar

M. a. höfum við neyðzt til að kaupa verulegan fjölda af bifreiðum frá kommúnistaríkjunum, bæði vörubílum og fólksbílum. Bílar þessir hafa reynzt misjafnlega, en yfirleitt þó miklu ver en þeir bílar, sem hægt er að fá í frjálsum löndum, ekki sízt vörubílar, sem sumir hverjir hafa verið hálfónýttir eftir 1—2 ára notkun. Það er athyglisvert, að stjórnarvöldin í kommúnistaríkjunum hafa lagt megináherzlu á að við keyptum þessa vöru. Skýr er það sig sjálft hvers vegna slíkt kapp er lagt á þetta. Varahluti í bifreiðarnar er ekki hægt að fá annars staðar en þar austur frá og er þetta því talin hin ákjósanlegasta leið til að gera okkur háða áframhaldandi viðskiptum þar, þótt þau séu óhagkvæmari en annars staðar. Auk þess hefur verið talið æskilegt að láta allan almenning kynna iðnaðarframleiðslu kommúnistarríkanna. Hafa menn austur þar sjálfsagt ímyndað sér, að varan mundi líka jafnvel og sú, sem fæst á frjálsum mörkuðum, þó að niðurstaðan hafi orðið sú að þetta hafi reynzt vafasöm landkynning.

Það fer ekkert á milli mála, að veruleg kjaraskerðing hefur hér á landi orðið af þessum viðskiptum og vonandi að utanríkisviðskipti okkar Íslendinga geti orðið hagkvæmari í framtíðinni.

Vitlaus fjárfesting

Í ritstjórnargrein Þjóðviljans í gær segir m. a. á þessa leið:

„Fjárfestingin er stjórnlaus og vitlaus, þannig að hún dregur framleiðslugetuna niður í stað þess að auka hana“.

Má um þessi orð Þjóðviljans segja, að bragð er að þá barnið finnur. Kommúnistar hafa verið aðalfrumkvöðlar þeirrar ofstjórnar efnahagslífsins, sem leitt hefur til hinnar vitlausu fjárfestingar, þar sem ekkert tillit hefur verið tekið til þess, hvort fyrirtæki gætu borð sig eða ekki, og allt verið látið reka á reiðanum. Nú hefur verið snúið af þessari braut og er engum blöðum um það að fletta, að miklar og varanlegar kjarabætur munu nást, þegar skynsamlegar er á málum haldið. Önnur meginástæðan til þess að við höfum ekki getað náð sömu kjarabótum og aðrar þjóðir er einmitt þessi vitlausa fjárfesting, sem Þjóðviljinn ræðir um. Allt það eftríttildur og fjárfestingarhömlur, sem hér hafa verið, hefur stuðlað að óhagkvæmri fjárfestingu. Og hin pólitísku yfirráð meginhluta fjármagns Þjóðfélagsins hefur einnig leitt til hins sama. Er vissulega ánægjulegt að kommúnistar skuli loks vera farnir að skilja þetta.



Steinunn Marteinsdóttir virðir fyrir sér leirvasa frá Glit hf.